

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Álfaskeið, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. júní 2016, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Álfaskeið. Mænisstefnur verði tvær í stað einnar nú.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Nefsholt, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. júní 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Nefsholt. Skipulagið tekur til landsvæðis undir tjaldstæði ásamt reita fyrir nokkur smáhýsi/gestahús til útleigu fyrir ferðamenn.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Beindalsholt, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. júní 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Beindalsholt. Gert verði ráð fyrir fimm byggingarreitum og verða tveir þeirra fyrir útihús og skemmur, einn fyrir núverandi íbúðarhús og tveir fyrir 12 smáhýsi/gestahús, allt að átta á öðrum og fjórum á hinum byggingarreitnum.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Múli, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 11. maí 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Múla. Gert er ráð fyrir 7 lóðum innan 13 ha svæðis. Íbúðarhús sem tilheyrir jörðinni Múla er innan svæðis.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Haukadalur, lnr. 219110, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 11. maí 2016, tillögu að deiliskipulagi fyrir Haukadal, lnr. 219110. Gert er ráð fyrir tveimur frístundalóðum þar sem heimilt verði að byggja sumarhús, gestahús og geymslu.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 14. júní 2016.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.